

Grein: Byrjendalæsi	Tímabil: 20. mars – 31. mars	Kennarar: Berglind, Lilja, Hulda, Kolla og Elín
<p>Efnisþáttur úr ársáætlun: <i>Unnið með bókina Drekadansinn. Áhersla lögð á lestur, hlustun, ritun, framsögn(tjáning) og samvinnu.</i></p>		
Námsmarkmið	Viðfangsefni nemenda	Námsmat
<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hefur tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum; skiptast á, grípa ekki fram í, hlusta og taka eftir. • Svarar munnlega spurningum úr lesnu efni. • Spyr spurninga úr efnisgreinum. • Getur skrifað sögu og lesið hana upp fyrri aðra. • Þjálfist í raddlestri. • Auki orðaforða. • Fá tækifæri til samvinnu. 	<p>Prep 1 – inntak texta</p> <ul style="list-style-type: none"> • Bókin Drekadansinn lesin án mynda. Titill bókar og nafn höfundar lesinn, hver samdi söguna og hver teiknaði myndirnar. • Endurlestur bókarinnar, myndir skoðaðar. Merking orða og hugtaka rædd: góðgæti, öskupokar, ógnvænlegur, glaðbeittur, fylking. <p>Prep 2 – tæknileg vinna</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sóknarskrift; nemendur sækja sér orð á ákveðinn stað, fara með að borðinu sínu og skrifa orðið í úrklippubókina sína. Skila svo aftur orðinu og taka nýtt. • Skrift; hugtökin notuð til skriftaræfingar. • Lykilorð; öskudagsmorgun; nemendur finna orð í orði og orð úr orði. • Krossglíma; dyrabjalla. • Dótasaga með söguveg. Nemendur vinna í pörum og búa til söguveg/umhverfi á stórt blað. Hver hópur fær einn poka með ca 5 hlutum í og býr til sögu í kringum hlutina á söguveginn. • Kúrekinn; paravinna í lestri úr bókinni. Æfa samantekt á lesnu efni. Nemandi A les fyrir hinn niður síðu og nemandi B dregur saman efnið. • Ritun; draga myndaspjald sem fylgir bókinni og skrifa setningu út frá því. • Blaðamaður; nemendur svara spurningum út frá myndaspjaldi. (Tvær efstu spurningarnar gult/grænt). Paravinna. • Paralestur úr bókinni; Sterkir lesa saman – tímataka. Kórlestur hjá þeim sem eru komnir styttra. Styst komnir fá ljósritað blað úr bókinni og lesa línurnar til skiptis. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kennari metur ritunarverkefni í enduruppbyggingu nemenda og skráir hjá sér upplesturinn. • Kennari fylgist með og skráir niður hjá sér hvernig samvinna og samskipti ganga.

	<ul style="list-style-type: none"> • Leitarlestur; leita að tilteknu orði í texta. Annar velur orð úr textanum og segir á hvaða blaðsíðu hinn leitar og sýnir staðsetningu. Skipst á. Fyrir þá sem eru komnir styttra í lestri þá er gagnvirkur stuðningur frá kennara. • Fjöldi orða í málsgrein. Nemandi A les setningu og nemandi B hlustar og segir hvað mörg orð voru í málsgreininni. Skipst á. Skráð stig fyrir hvert rétt svar. • Þrep 3 – enduruppbygging • Nemendur hafa val um ritun í enduruppbyggingu. Sögu eða málsgreinar (lágmarki 5). <ol style="list-style-type: none"> 1. Það er að koma nýr nemandi í bekkinn, hvernig ætla ég að taka á móti honum? 2. Hvað gerðir þú á öskudaginn? 3. Skrifaðu sögu sem fjallar um sjó eða veiðiferð. • Nemendur lesa ritunarverkefni sín upp fyrir samnemendur. 	
<p>Námsefni/Bjargir: Drekadansinn eftir Gerði Kristný Guðjónsdóttur</p>		